

reiðinni R 7074, þykir varhugavert að telja nægilega sannað í refsímáli þessu, að ákærði hafi umrætt sinn orðið sekur um slíkan árekstur, sem varði hann refsingu, og ber því að sýkna hann af þessum lið ákæruskjals.

Refsing ákærða samkvæmt 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin varðhald 15 daga.

Samkvæmt 81. gr. sömu laga ber að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Friðgeir Ólafsson, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 10. maí 1963.

Nr. 181/1962. **Hafsteinn Ólafsson**

(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)

gegn

Sigurvini Sveinssyni

(Jón N. Sigurðsson hrl.).

Dó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Einar Arnalds yfirborgardómari.

Ómerking dóms og málsmeðferðar.

Dómur Hæstaréttar.

Hákon H. Kristjánsson, settur bæjarfógeti í Keflavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstréttar með stefnu 13. desember 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s. m. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði verði ómerkt og málinu vísað heim í hér-

að til löglegrar meðferðar. *Til vara* krefst hann sýknu af kröfum stefnda. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að áfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 57.511.63, auk vaxta og málskostnaðar, eins og greinir í héraðsdómi, og málskostnaðar í Hæstarétti.

Áfrýjandi, sem er ólöglærður, sótti sjálfur þing fjögur fyrstu skiptin, er málið var til meðferðar fyrir héraðsdómi. Þegar málið kom næst fyrir dóm, sótti ólöglærður maður og þing af hans hálfu. Síðar var ekki sótt þing af hálfu áfrýjanda, en málið tekið til dóms að kröfu umboðsmanns stefnda.

Ekki sést, að héraðsdómari hafi leiðbeint áfrýjanda né téðum umboðsmanni hans um málsmeðferð, þ. á m. hverju það varðaði, ef eigi yrði sótt þing af áfrýjanda hálfu, sbr. 114. gr. laga nr. 85/1936. Að svo vöxnu máli þykir verða að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði frá og með 25. maí 1962 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms af nýju.

Eftir atvikum verður málskostnaður í Hæstarétti látinn niður falla.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði frá og með 25. maí 1962 eiga að vera ómerk, og visast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms af nýju.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 13. ágúst 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. júní s.l., hefur stefnandinn, Sigurvin Sveinsson, Vesturbraut 11, hér í bæ, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 7. marz s.l., gegn Hafsteini Ólafssyni, Háteigi 19, hér í bæ, til greiðslu skuldar og skaðabóta vegna byggingar hússins Vesturbraut 11 hér í bæ, alls að fjárhæð kr. 52.607.63, ásamt 8% ársvöxtum frá sáttakærudegi

26. febrúar 1962 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Málið var þingfest 9. marz s.l., og lagði umboðsmaður stefnanda þá fram réttarskjöl nr. 1—8, stefnu, sáttakæru, útskrift úr sáttabók, matsgerð, 2 reikninga vegna matsgerðarinnar, yfirlit yfir greiðslur stefnda vegna byggingar hússins Vesturbraut 11 og greinargerð.

Í þinghaldi 23. marz s.l. hækkaði umboðsmaður stefnanda niðurstöðu matsgerðar um kr. 8.100.00, sem stöfuðu af reiknings-skekkju, og lækkaði stefnufjárhæðin að sama skapi. Í þinghaldi þessu óskaði stefndi eftir, að skipaðir yrðu þrír yfirmatsmenn til að yfirmeta verk það, sem unnið var, og gerði dómari það daginn eftir. Yfirmat fór síðan fram 5. apríl s.l., og voru niðurstöður þess, að kr. 111.815.00 hefðu átt að vera komnar í byggingarkostnað hússins. Málið var síðan tekið fyrir 6. apríl, 27. apríl og 25. maí s.l., og stöðugt veittir frestir, m. a. svo að stefndi gæti lagt fram greinargerð, sem hann þó ekki gerði. Í þinghaldi 8. júní mætti stefndi ekki, og var málið þá dómtekið að kröfu umboðsmanns stefnanda, og ber því að dæma málið samkvæmt 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936 eftir framlögðum gögnum. Samkvæmt þessu ber að taka kröfu stefnandans til greina að öllu leyti, eins og þeim er lýst hér að framan. Yfirmatskostnaður ákveðst kr. 2.500.00 og málskostnaður kr. 6.900.00.

Dómsorð:

Stefndi, Hafsteinn Ólafsson, Háteigi 19, Keflavík, greiði stefnandanum, Sigurvin Sveinssyni, Vesturbraut 11, Keflavík, hina umstefndu fjárhæð, kr. 59.057.63, ásamt 8% árs-vöxtum frá 27/2 1962 til greiðsludags og málskostnað kr. 6.900.00. Hann greiði og yfirmatskostnað, sem ákveðst kr. 2.500.00. Allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
